

Samantekt umsagna við mál 104/204 í Samráðsgátt stjórnvalda: Reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum.

Háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið birti drög að reglum um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum í Samráðsgátt stjórnvalda 15. maí 2024 sbr. mál númer S-104/2024. Opið var fyrir umsagnir til 29. maí 2024. Tvær umsagnir bárust, frá Samtökum iðnaðarins og Háskóla Íslands.

Í umsögn Háskóla Íslands er bent á mikilvægi þess að samræmi sé í notkun hugtaka um kjarnastarfsemi háskóla sem er nám, kennsla og rannsóknir. Lagt er til að bæta við námi og kennslu í reglurnar. Nafngiftin Gæðamat háskóla þykir hvorki þjál né lýsandi og var mælt með nýju íslensku heiti, svo sem Gæðaeftirlit háskóla eða skrifstofa gæðamats háskóla.

Í umsögn frá Samtökum iðnaðarins eru áform með reglunum almennt talin jákvæð en bent á að mikilvægt er í nútímasamfélagi að draga fram starfsnám, nýsköpun og tengsl við atvinnulíf í gæðastöðlum um háskóla. Óska Samtök iðnaðarins eftir því að skipa fulltrúa frá atvinnulífinu í gæðaráð háskóla.

Viðbrögð

Háskóla Íslands er þakkað fyrir ábendingar og tekið er undir sjónarmið sem þar koma fram um hugtakanotkun. Verður námi bætt við reglurnar svo það taki á námi, kennslu og rannsóknum.

Ekki er unnt að verða við breytingartillögu á nafngift starfseminnar og er bent á Gæðamatið, skrifstofu þess og ráðið sjálft fyrir athugasemdir sem lúta að heitinu.

Samtökum iðnaðarins er einnig þakkað fyrir umsögnina. Það skal tekið fram að í öllum stöðlum gæðamála á háskólastigi er unnið eftir European Standard and Guidelines (ESG) þar sem skýrt þarf að sýna fram á hvernig háskólar efla nýsköpun og tengsl náms við atvinnulíf. Hverskyns starfsnám sem fer fram á háskólastigi fellur undir gæðastarfið.

Samtökin geta komið með tillögu að fulltrúa sínum í ráðið svo lengi sem viðkomandi stenst hæfniskröfur sem gerðar eru til ráðsmanna. Skal viðkomandi hafa viðamikla reynslu af háskólastarfi, ekki vera tengdur íslenskum háskólum og vinna að umbótamiðuðu gæðastarfi byggt á ESG.